

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 52/1989 og öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytið, 21. maí 1991.*

**Eiður Guðnason.**

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

## VIÐAUKI

**við reglugerð nr. 474 2. desember 1990 um grásleppuveiðar.**

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. skal leyfilegur veiðitími á svæðum tilgreindum í lið a., b. og c. standa til og með 5. ágúst, á svæði tilgreindu í lið d. til og með 16. júlí, á svæði tilgreindu í lið e. til og með 26. júní og á svæði tilgreindu í f. lið til og með 6. júlí.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 5. júní 1991.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

Pröstur Eyþórsson.

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um gjöld fyrir raffangaprófun Rafmagns-  
eftirlits ríkisins, nr. 497, 19. desember 1990.**

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Á tímabilinu 1. júní – 31. desember 1991 skal skráningargjald skv. I. lið gjaldskrárinnar verða sem hér segir:

	Taxti	Gjald
Skráningargjald . . . . .	0.5	500

Íhlutir í skráð raftæki sem ætlaðir eru sem varahlutir eru undanþegnir sjálfstæðri skráningu nema um öryggisbúnað sé að ræða.

*Iðnaðarráðuneytið, 3. júní 1991.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

Guðrún Skúladóttir.